

Skólasamningur 1991-1992

Forsaga

Í byrjun september 1991 veitti Menntamálaráðuneytið Fjölbrautaskólanum í Garðabæ leyfi til þess að hrinda í framkvæmd tilraun með aukið starf og breyttan viðverutíma nokkurra kennara skólans. Tilraun þessi var jafnan kölluð í umræðunni skólasamningur. Framkvæmdin var ný af nálinni. Hún var hugsuð svo, að gerður skyldi sérstakur samningur við kennara um vinnu þeirra í skólanum til þess öðru fremur að efla þjónustu við nemendur og styrkja innra starf skólans um leið.

Hugmyndin að skólasamningi á sér nokkra sögu. Hún kom líklegast fyrst fram árið 1987, þegar Menntamálaráðuneytið, Fjármálaráðuneytið og HÍK mynduðu svokallaða starfskjaranefnd til þess að endurskoða allt launakerfi HÍK. Í starfskjaranefnd var sú hugmynd viðruð, að ef til vill væri orðið tímabært að breyta vinnu og um leið viðverutíma kennara í skólum. Þetta var skoðað vandlega, en skemmst er frá því að greina, að samningar tókust ekki vegna ágreinings um launagreiðslur.

Í ágúst 1990 voru sett bráðabirgðalög á kjarasamninga BHMR. Í kjölfarið hvatti stjórn HÍK félagsmenn sína til að mótmæla slíkri valdbeitingu og var m.a. hvatt til þess, að kennarar hæfu ekki störf í skólunum, fyrr en fyrsta virkan dag í september. Félagsmenn urðu flestir við þessum tilmælum og komu því til starfa mánudaginn 3. september. Þetta var í raun og veru kveikjan að því að prófa einhverja nýja leið til þess að koma málum í betra horf. Öllum var og er ljóst, að í virku skólastarfi þarf að hefja undirbúning, löngu áður en nemendur koma til starfa.

Í kjarasamningum HÍK og ríkisins 1989 er skýrt tekið fram í grein nr 2.1.5.1., að á 9 almanaksmánuðum skuli kennsla, próf og önnur störf, að frátöldum leyfum skv. Reglugerð, vera 34 viku samtals. Þetta þýðir í reynd, að vinnutími kennara í skólanum er frá 1. september til 22. maí. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá staðreynd, að starf kennarans í skólanum er í þessu tilliti eingöngu afmarkað við þann tíma, þegar nemendur koma í skólann að hausti og þegar nemendur fara úr skóla að vori. Tími fyrir góðan undirbúning

og frágang er því ekki ætlaður í skólanum sjálfum. Sem fyrr greinir var þetta ef til vill kveikjan að því að hrinda hugmyndum um skólasamning í framkvæmd.

Þáttur Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Á fundi deildarstjóra í október 1990 lagði skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ fram þá hugmynd, að reynt yrði að breyta vinnu og viðverutíma kennara skólans. Málið var ítarlega rætt og ákveðið að fela Björgu Birgisdóttur, kennslustjóra, Má Vilhjálmsyni, deildarstjóra og trúnaðarmanni HÍK og Þorsteini Þorsteinssyni, skólameistara, að skoða málið vandlega og kynna hugmyndir nánar á almennum kennarafundi 6. nóvember. Þremmingarnir mynduðu því nokkurs konar undirbúningsnefnd í málinu og héðu allmarga fundi, þar sem m.a. var farið í saumana á vinnutíma kennara, vikulegum, mánaðarlegum og árlegum. Starssvið kennara og ný störf voru athuguð og í tengslum við nýjar hugmyndir voru launagreiðslur til kennara skoðaðar tvö ár aftur í tímann. Undirbúningsnefnd komst að þeirri niðurstöðu, að kynna skyldi málið á kennarafundi, þar sem ákveðin atriði yrðulögð til grundvallar. Í fyrsta lagi yrði að gera mönnum ljóst, að þetta væri hugsað sem tilraun. Aðeins hluti kennara gæti tekið þátt í tilrauninni, sem yrði væntanlega gerð til eins árs. Kennsluskylda yrði að vera sem næst 26 klst. á viku, árlegur vinnutími í skóla 3. jan.-20. júní og 10. ágúst til áramóta og samfelldur vinnudagur frá kl. 8 til 16 eða 9 til 17. Þá var og fjallað um nýtt starfssvið kennara, þar sem reynt var að átta sig á verkefnum í námsgagnagerð, námsefnisgerð og annari þróunarvinnu. Einnig voru reifaðar hugmyndir um forfallakennslu, eftirlit með stofum og tækjum, viðtalstíma fyrir nemendur og starfsmenn o.fl. Undirbúningsnefndinni varð fljótlega ljóst, að væntanlegar tillögur fólu í sér hvort tveggja í senn aukna þjónustu við nemendur og aukna viðveru kennara í skólanum. Í beinu framhaldi varð því að skoða sérstaklega launamál og vinnuaðstöðu í skólanum.

Kennarafundur var haldinn í skólanum 6. nóvember og undirbúningsnefndin skilaði þar af sér ákveðnum tillögum á blaði, sem var merkt sem trúnaðarmál (fskj. nr 1). Tillögurnar voru nokkuð breyttar frá upphaflegri hugmynd. Viðverutíminn var aðeins stytur og var hugsunin með

Því sú, að breytingin yrði ekki of mikil í fyrstu atrennu, en það atriði mætti síðan enurskoða að lokinni fyrstu tilraun. Tillögur um launagreiðslur voru settar fram í grófum dráttum til þess að skapa umræður og fá fram einhver marktæk viðbrögð kennara. Nefndarmönnum var ljóst, að þetta var langviðkvæmasta atriðið á blaðinu. Af þeim sökum m.a. voru kennarar beðnir að fara með blaðið sem trúnaðarmál, og rétt að skjóta því inn, að það gerðu þeir allir sem ein. Í fundargerðarbók er þessi dagskrárliður bókaður svo:

“Þorsteinn Þorsteinsson skýrði frá því, að á deildarfundi í sl. mánuði hefði komið upp hugmynd að nýju launakerfi og breyttum vinnutíma. Þriggja manna nefnd var sett í máli, það eru: Björg Birgisdóttir, Már Vilhjálmsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Þessi nefnd leggur nú fram útreikninga og ákveðnar hugmyndir. Menntamálaráðherra hefur varpað fram hugmynd að skólasamningi við einstaka skóla. Þorsteinn telur þá hugmynd athyglisverða. Hugmyndin gengur út á að auka viðveru kennara í skólanum, en á móti komi hækkun á launum. Þorsteinn dreifir blaði, sem ber titilinn “Hugmynd að skólasamningi.” Björg Birgisdóttir tók því næst til máls. Hún útskýrði betur þessa hugmynd, hvað varðar viðveru kennara og vinnustundir. Hún sýndi glærur. Næstur tók Már Vilhjálmsson til máls. Hann sýndi glærur um kostnaðaráætlun skólans vegna þessara kerfisbreytinga. Ráðuneytið þurfti að koma þar inn í. Már svaraði nokkrum fyrirspurnum: Marta Ólafsdóttir spyr, hvernig þetta fyrirkomulag komi út, ef kennari er í ½ starfi. Már svarar, að viðvera sé reiknuð út frá starfshlutfalli. Kristín Bjarnadóttir spyr, hvernig forfallakennsla sé hugsuð sem hluti af viðveru. Már svarar, að 6 tímar í forfallakennslu á önn sé hugsuð sem hámark hjá hverjum kennara. Marta spyr, hvernig eigi að bæta vinnuástöðu í skólanum. Þorsteinn segir, að ekki sé hægt að byrja á því, heldur þurfi ö þrýsta á það, eftir að breytingin er komin í gang. Þorsteinn biður fólk að hugsa þetta mál vel heima. Már ítrekar, að með þessari tillögu sé ekki verið að ganga á rétt neins eða brjóta lög, þó hún sé trúnaðarmál á þessu stigi. Hann biður fólk einnig að hugsa þetta mál fram að næsta kennarafundi.”

Málið var á þessum tíma sett í bið og menn notuðu tímann til að vega og meta kosti og galla á þeirri kerfisbreytingu, sem hugsanlegur skólasamningur fæli í sér.

Á næsta kennarafundi í skólanum 27. nóvember 1990 var hugmyndin um skólasamning rædd. Í fundargerð er málið svo bókað: “Seinna málið sem rætt var undir þessum lið voru drög að skólasamningi sem lögð voru fyrir á síðasta kennarafundi. Þorsteinn hafði framsögu um það mál og byrjaði á því að rifja upp helstu atriði þeirra en þau eru í stuttu máli: hærri laun, lengri vinnutími. Þorsteinn bað um viðbrögð frá kennurum og umboð fundarins til að halda málinu áfram. Viðbrögð frá kennurum voru mismunandi, sumir lýstu vilja sínum til að vera aðilar að slíkum samningi, aðrir voru tortryggir og það sem helst brann á kennurum var: Er ekki um aukna vinnu að ræða? Hvernig verður forfallakennslu háttað? Hvað um þróunarverkefni? Hvað um sjónarmið kvenna með börn? Er ekki hætt á að launahækkunin fjari út og eftir standi meiri vinna? Því að reyna að gera kennarastarfið að nokkurs konar skrifstofustarfi? Þessi mál voru rædd fram og aftur. Þorsteinn lagði áherslu á að hér væri um tilraun að ræða, samningurinn væri uppsegjanlegur, kennara gætu gengið úr honum, æsktu þeir þess. Ekki væri heldur ætlunin að þröngva þessum samningi upp á einn eða neinn. Hann talaði um að við værum í rauninni hætt að semja um kaup okkar og kjör og því nauðsynlegt að grípa til annarra ráða. Fundurinn gerði eftirfarandi samþykkt: Kennarafundurinn veitir Þorsteini Þorsteinssyni, Björgu Birgisdóttur og Má Vilhjálmsyni með öllum greiddum atkvæðum umboð til að ganga á fund menntamálaráðherra í þeim tilgangi að gera skólasamning.”

Undirbúningsnefndin hélt reglulega fundi næstu vikur og daga. Farið var nákvæmlega í saumana á kostnaðarútreikningum og reynt að kortleggja vinnu og viðverutíma kennara í skólanum. Fljótlega kom í ljós, að ýmsar leiðir virtust færar til þess að ná settu marki með skólasamningi. Spurningin var öðru fremur sú, hver yrði ásættanlegust fyrir alla aðila, Menntamálaráðuneytið, Fjármálaráðuneyti, skólanefnd, skólameistara, HÍK, kennara og skólann í heild sinni. Nefndarmenn voru sammála um, að ekki yrði mjög erfitt í framkvæmd að bæta og efla hið innra skólastarf. Margt myndi leiða af sjálfu sér með breyttum og auknum viðverutíma. Þetta atriði skólasamninga væri því ekki stórt áhyggjuefni á fyrstu stigum málsins. Fjármálin væru hins vegar snúin. Tryggja þyrfti fjárveitingu, svigrúm til

hagræðingar og nokkurt sjálfstæði í fjárhagslegum ákvörðunum. Ýsmar leiðir í fjármálum voru ræddar í nefndinni og kynntar fyrir deildarstjórum og á samráðsfundum í skólanum. Þrjár leiðir virtust helst færar og var ákveðið að leggja þær til kynningar, ef skólinn fengi leyfi til að hrinda tilrauninni í framkvæmd. Þessir þrír möguleikar voru (fskj. Nr. 2):

A. Launadeild borgar áfram almenn laun, skólinn fær þó heimild til að verja ákveðnum hluta af rekstrarfé í laun, bónusgreiðslur og styrki. Skólameistari ákveður hverju sinni skiptingu þessa fjár, hugsanlega í samráði við einhverja aðila innan skólans. Kennarar fá að öðru leyti greitt skv. Samningi ríkisins og BHMR.

B. launadeild sér áfram um allar almennar launagreiðslur. Samningur ríkis og BHMR er hafður til grundvallar. Sérstakt fjárframlag komi frá ráðuneyti til að kosta breytt skólaskipulag. Að auki fái skólinn heimild til að verja ákveðnum hluta af rekstrarfé skólans í þessu skyni.

C. Skólinn sér um allar launagreiðslur. Samningur ríkis og BHMR er hafður til grundvallar. Sérstakt fjárframlag kemur frá ráðuneyti og heimild til að nota hluta rekstrarfjár til launagreiðslna.

Undirbúningsnefndin ákvað 7. desember 1990 að senda menntamálaráðherra bréf (fskj.nr.3), þar sem þess var formlega óskað, að tímabundin tilraun yrði gerð í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ með skólasamning. Svavar Gestsson, menntamálaráðherra, svaraði erindi þessu með því, að hann bauðst til að koma á fund í skólanum til að ræða málið nánar.

Svavar Gestsson, menntamálaráðherra, kom í heimsókn í skólann ásamt Karli Kristjánssyni og Hermanni Jóhannessyni, fulltrúum í Menntamálaráðuneytinu. Frá þessu segir svo í Fréttablaði skólans (2.tbl. 1991): "Miðvikudaginn 9. janúar sl. Kom menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, í heimsókn í skólann ásamt fulltrúum úr Menntamálaráðuneytinu. Tílefni heimsóknarinnar var öðru fremur að ræða við nemendur og starfsmenn skólans um stöðu húsnæðismála og koma af stað viðræðum um sérstakan skólasamning ráðuneytisins við Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Skemmst er frá því að segja, að heimsókn þessi fór hið besta fram. Ráðherra ræddi fyrst við nemendur um byggingarmál skólans og svaraði spurningum nemenda í líflegum umræðum. Þá hélt ráðherra fund með starfsmönnum skólans um sama efni og ræddu menn eðlilegar og mögulegar leiðir til þess, að skólanum verði tryggt framtíðarhúsnæði.

Í tengslum við heimsókn þessa var haldinn fundur, þar sem ákveðið var að hefja umræður um gerð sérstaks skólasamnings við FG. Skólasamningi þessum var þá ætlað að gjörbreyta vinnu- og viðverutíma kennara í skólanum og taka um leið kjaramál til algjörar endurskoðunar. Ráðningamál og greiðslur launa yrðu væntanlega færð markvisst í hendur skólans. Reyndar var ákveðið á fundinum að skipa nefnd í málið og var það gert fljótlega. Nefndin hélt nokkra fundi og skoðaði til hlítar ýmsa möguleika á nýju og breyttu launakerfi fyrir kennara.

Nefndin var skipuð þessum mönnum:

Svanfríður Jónasdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson, fulltrúi Launaskrifstofu ríkisins

Karl Kristjánsson, fulltrúi Menntamálaráðuneytisins

Hermann Jóhannsson, fulltrúi Menntamálaráðuneytisins

Þorsteinn Þorsteinsson, Skólameistari

Björg Birgisdóttir, kennslustjóri

Og Már Vilhjálmsson, trúnaðarmaður HÍK í FG.”

Þessi nefnd hélt nokkra fundi á tímabilinu frá janúar og fram í apríl. Farið var ítarlega í alla útreikninga og athugaðar leiðir til þess að standa straum af fyrirsjáanlegum kostnaði.

Á kennarafundi í skólanum, 6. febrúar 1991 var málið rætt og í fundargerð stendur:

“Þorsteinn Þorsteinsson skýrði frá því að Menntamálaráðuneytið væri að hefja undirbúning að skólasamningi við FG. Búið væri að kynna málið fyrir rsamninganefnd ríkisins og Fjármálaráðuneytinu. Ráðuneytið hefði skipað þrjá af sínum mönnum í nefnd og kennarar samþykktu að frá FG yrðu Björg, Már og Þorsteinn sett í nefndina þar sem þau hafa reynslu af málinu. Gert er ráð fyrir

rða skólinn fái fjárveitingu til að greiða 10-12 kennurum samkvæmt skólasamningi næsta vetur ef allt gengur að óskum. Vinna nefndarinnar verður kynnt kennurum jafnóðum. FG hefur kynnt HÍK þetta mál og myn kynna skólameisturum þetta í næstu viku.”

Már Vilhjálmsson, trúnaðarmaður kennara og Björg Birgisdóttir, kennslustjóri, höfðu um þessar mundir, kynnt hugmyndina fyrir HÍK og málið var enn fremur kynnt af hálfu Menntamálaráðuneytis fyrir Fjármálaráðuneytinu.

Á fundi skólameistara áfangaskólanna, sem haldinn var í Garðabæ 11. febrúar 1991, var málið kynnt og tekið til umræðu. Í fundargerð er greint svo frá málinu:

“Þorsteinn skýrði þá frá langvinnri og ítarlegri umræðu innan FG um kjaramál og vinnutíma kennara. Sú umræða endaði með bréfi til menntamálaráðherra þar sem óskað er eftir viðræðum um sérstakan samning –“skólasamning”- í tilraunaskyni til þess að brjótast út úr öngstæti núverandi kjara kennarastéttarinnar. Nefnd skipuð þremur fulltrúum frá skólanum, tveimur frá menntamálaráðuneytinu og einum frá fjármálaráðuneyti er um það bil að taka til starfa.

Veganesti nefndarinnar frá skólanum er:

Í fyrstu verði samið við 12 kennara skólans um tilraun til eins árs.

Vinnutími verði frá 1. ágúst til 15. júní, alla virka daga, 7 tímar á dag auk eins tíma í heimavinnu.

Laun hækki í áföngum um allta að helming enda fái kennarar aðstoðu í skólanum til þess að sinna námsefnis- og námsgagnagerð, frekara samráð sín á milli og við stjórnendur, aðstoð við nemendur utan formlegrar kennslu o.fl.

Fastri fjárveitingu til þessa verði skipt í skólanum, bæði launum og rekstrarframlögum enda verði um slíkt samið við stéttarfélag.”

Og síðar á fundinum voru leyfðar umræður. Frá þeim er svo greint í fundargerðinni:

“Fjöldi fyrirspurna var beint til Þorsteins um “skólasamninginn” og virtist sem helst birtust í þeim áhyggjur af viðbrögðum HÍK og kennara almennt. Fram kom að áherslu yrði að leggja á rökinn fyrir betra skólastarfi (Þórir) en af reynslu annarra þjóða (Hjálmar, Vesturheimur) mætti einnig merkja mjög misjafnan “skólamóral” sem hugsnlega mætti rekja til svipaðs “sjálfstæðis” skólanna. Fundarmenn voru sammála um að hugmyndir þessar væru allrar athygli verðar og var þess óskað að FG leyfði stjórn Skólameistarafélagsins að fylgjast með framvindu mála.”

Skólasamninganefndin kom saman til fyrsta fundar 14. febrúar og var farið yfir stöðu mála. Ákveðið var að fulltrúar skólans í nefndinni reiknuðu út kostnað við tilraunina og reyndu jafnframt að finna einhverjar leiðir til sparnaðar.

Fulltrúar skólans í nefndinni héldu nokkra vinnufundi þar sem gerð voru fyrstu drög að kostnaðaráætlun (fskj. nr. 4). Þá var lögð sérstök vinna í að skoða eðlilegan viðverutíma kennara (fskj. nr. 5) og reynt að meta mismunandi kostnað við breytingu á vinnutíma (fskj. nr. 6). Þá voru og settar á blað hugmyndir um sparnaðarleiðir í kerfisbreytingunni (fskj. nr. 7). Fulltrúar skólans í nefndinni ákváðu að vinna úr hugmyndunum hnitmiðaðar og skýrar tillögur fyrir næsta fund nefndarinnar.

Í millitíðinni var málið kynnt almennt á fundi skólanefndar Fjölbautaskólans í Garðabæ 13. febrúar 1991. Í fundargerð er greint svo frá málinu:

“Þorsteinn rakti stöðuna í viðræðum FG og Mennta- og Fjármálaráðuneytis um sérstakan skólasamning milli FG og ríkisins. Hann sagði að þetta myndi bæta kjör kennara talsvert og stuðla að vinnuhagræði sem myndi skila sér jafnt til kennara og nemenda. Gert er ráð fyri röa

starfsárið lengist hjá kennurum og þeir noti tímann fyrir rog eftir skólaárið í námsgagnagerð og skipulagningu af ýmsu tagi. Fyrst um sinn yrði um tilraun að ræða þar sem tæku þátt 10-15 kennarar. Menntamálaráðherra hefur tekið verli í þetta og hefur verið skipað nefnd þar sem í eiga sæti tveir fulltrúar Fjármálaráðuneytis og þrír fulltrúar skólans til að vinna að framgangi málsins. Einnig kom fram hjá Þorsteini að Skólameistarafélagið og HÍK hafi lýst yfir ánægju sinni vegna þessa. Allir fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þetta mál og lögðu Hilmar Ingólfsson, Sigurður Björgvinsson og Sigmar Guðmundsson fram eftirfarandi bókun: “við undirritaðir fögnum frumkvæði skólans að vinna að samningum við Menntamálaráðuneytið um gerð skólasamnings fyrir FG. Við væntum þess að skólasamningurinn leiði bæði til bættra kjara kennara skólans og betra skólastarfs nemendum til hagsbóta.””

Á næsta fundi skólasamningsnefndar 8. mars lögðu fulltrúar FG fram skiflega samantekt (fskj. nr. 8). Ákveðið var á fundinum að leggja málin fyrir ráðherra menntamála og fjármála til afgreiðslu.

Málið var nú í nokkurri biðstöðu. Á kennarafundi 10. apríl var staða mála kynnt og er svo frá greint í fundargerð:

“Skólasamningur. Skólameistari upplýsti að í kerfinu hefði verið ákveðið að koma á samningi milli ráðuneyta og Fjölbrautaskólans í Garðabæ um sérstakan skólasamning. Einungis væri beðið eftir að ráðherrar skrifuðu undir. Í samningnum er gert ráð fyrir að 12 kennarar fái kr. 2.700.000 fyrir önnur og breytt störf á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember 1991. gangi þetta eftir á 3ja manna nefnd, skipuð skólameistara og tveimur kennurum að semja við 12 menningana um greiðslur. Menntamálaráðherra er mjög fylgjandi samningnum og mun ráðuneytið taka að sér kynningu á málinu. Hjá HÍK eru mjög skiptar skoðanir um málið og vilja margir halda núverandi kerfi. Ragnhildur spurði hvort kennslutími yrði óbreyttur. Svar: Vinnutími frá 2. janúar til 10. júní og frá 15. ágúst til 31. desember með fyrirvara um að þetta er tilraun. Marta spurði um námskeið. Svar: Þau teljast til vinnu.

Nánari tölulegar upplýsingar:

2,7 milljónir lagðar fram fyrir tímabilið 01.08. -31.12.1991

3,5 milljónir lagðar fram fyrir tímabilið 01.01. -31.07.1992

Skólaárið 1991-1992 verði 12 kennarar á samningi.

Skólaárið 1992-1993 verði 18 kennarar á samningi.

Skólaárið 1993-1994 verði 25 kennarar á samningi.

Már telur þetta leiða af sér 26% hækkun heildarlauna. Skólameistari leggur áherslu á að það jafngildi mannsmorði að minnast á prósentutölur út á við í þessari stöðu. Marta spurði um sumarleyfistímann. Svar: Það yrði útfærsluatriði hvenær á tímabilinu júní-ágúst leyfi væri tekið. Bjarni Pálsson spurði hvort launatengd gjöld kæmu ofan á. Svar: Um er að ræða nettógreiðslur til kennara.

Að lokum, ef skrifað verður undir samninginn í næstu viku verður þegar í stað að velja þessa 12 kennara eftir einhverjum leiðum.”

Nú leið og beið. Engir fundir voru haldnir um nokkurt skeið. Málið var í höndum ráðherra. Alþingiskosningar í lok apríl og stjórnarskipti í kjölfarið breyttu gangi mála, mest á þann veg að mál voru nú í mikilli óvissu.

Hið íslenska kennarafélag hélt málþing 4. maí og var hugmyndin að skólasamningi kynnt þar. Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari FG kynnti málið og dreifði blaði með upplýsingum um hugmyndina (fskj. nr. 9). Í fundargerð frá málþinginu er svo greint frá málinu:

“4. erindi: Hugmynd að skólasamningi

Ræðumaður: Þorsteinn Þorsteinsson Fjölbrautaskólanum í Garðabæ

Þorsteinn kynnti eftirfarandi hugmynd að skólasamningi

(tilraun 1991-1992):

Vinnutími: Kennsluskylda 26 kst. (hámark 30-32 kst./viku)

Vorönn: 3/1-10/6 Haustönn: 20/8-20/12

Samfelldur vinnudagur: kl. 8,00-15,00/9,00-16,00

Kennslustundum verði dreift á þennan tíma.

Kennarar hafi viðveru í skólanum í eyðum (fundir, viðtalstímar, undirbúningur fyrir kennslu o.fl.)

Starfslýsing: Starfssvið kennara verði óbreytt hvað varðar kennslu og undirbúning en kennarar taki að sér ýmis störf í skólanum skv. skólasamningi svo sem: námsgagnagerð, þróunarverkefni, forfallakennslu, endurmenntun, eftirlit með tækjum og stofum o.fl. Vinnuaðstaða verði bætt í skólanum.

Laun: Kennarar haldi sínum launum skv. Kjarasamningi en fái jafnframt sérstakar greiðslur vegna skólasamnings. Kennarar haldi fullum launum ef þeir fara á námskeið á vinnutíma.

Þorsteinn sagði að vinnutími kennara lengdist um 6,7% frá því sem nú er. Reiknað er með einum tíma á dag fyri rutan viðveruskyldu og geta menn því unnið hann heima ef óskað er. Hverjum kennara sem gegnur inn í skólasamninginn er skylt að sinna forfallakennslu sem nemur 6 tímum á önn. Búist er við að 12 kennarar hefji störf eftir samningnum í haust en síðan bætist 6-7 nýjar leiðir til að bæta kjör kennara. Hann lítur á skólasamninginn sem útgönguleið úr ógöngunum sem menn eru komnir í. Viðbrögð í ráðuneytunum hafa verið góð. Næsta skref er að kynna málið fyrir nýjum ráðamönnum þar.”

Ólafur G. Einarsson tók við embætti menntamálaráðherra um þessar mundir og Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari, ritaði honum bréf 8. maí (fskj. nr.10) og gekk síðan á fund ráðherra til að kynna málið. Skemmst er frá því að greina, að nokkrir fundir voru haldnir í Menntamálaráðuneytinu um sumarið með þeim Herði Lárussyni, Örlýgi Geirssyni, Karli Kristjánssyni og Friðriki Friðjónssyni.

Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að Menntamálaráðuneytið féllst á að leyfa þessa tilraun skólaárið 1991-1992 og lagði fram fjármagn í þessu skyni, kr. 750.000 hvora önn. Skólanum var síðan eftirlátið að finna fjármögnunarleiðir með sparnaði og ýmiss konar hagræðingu. Til grundvallar voru lögð fram sjö atriði, sem skilgreind voru í sérstöku bréfi (fskj. nr 11) til Menntamálaráðuneytisins.

Kennarar skólans voru boðaðir á fund 29. ágúst og var staða mála kynnt. Fyrir lá ákvörðun um að gera tilraun með skólasamning með þáttöku 10 kennara. Auglýsing var birt innan skólans og menn beðnir að sækja um skriflega í síðasta lagi 2. september.

Ráðning kennara

Umsóknir um þáttöku í skólasamningi voru alls 16. skólameistari valdi 10 úr hópi umsækjenda og gerði við þá sérstakan skólasamning (sýnishorn fskj. nr. 12)

Kennarar, sem ráðnir voru til að taka þátt í tilrauninni, voru þessir (námsgreinar og verkefnasvið tengd skólasamningi tiltekin fyrir aftan):

Aðalbjörg Helgadóttir	Samfélagsgreinar
Björg Birgisdóttir	Stærðfræði, tölvufræði og kennslustjórn
Gísli Ragnarsson	Raungreinar, verknám, húsnæði og stjórnun
Kristín Bjarnadóttir	Stærðfræði, eðlisfræði og áfangastjórn
Már Vilhjálmsson	Jarðfræði og efnafræði
Margrét Guðlaugsdóttir	Enska
Sigríður Hulda Jónsdóttir	Sálfræði, félagslíf nemanda og skólaráðgjöf
Sigurjón Elíasson	Íþróttagreinar og félagslíf nemenda
Valdemar Pálsson	Danska og tónlist
Þorsteinn Þorsteinsson	Saga, íslenska og stjórnun

Hópurinn var öðru fremur valinn í þeim tilgangi að fá sem mesta og besta breidd með tilliti til þeirra verkefna, sem vinna átti. Námsgreinarnar skiptu því verulegu máli og reyndar ýmis stjórnunarsvið, sem þurftu að falla inn í þessa tilraun. Mat skólameistara var, að miklu skipti, að stjórnunin kæmi sem mest inn í skólasamninginn, til þess að hópurinn einangraðist ekki frá eðlilegu skólastarfi.

Skólameistari ræddi fyrst við þá kennara, sem sótt höfðu um en komust ekki að í þessari fyrstu tilraun. Síðan var gegnið frá samningum við þá, sem mynduðu tilraunahópinn.

Skólasamningur í framkvæmd

Föstudaginn 6. september hófst vinnan. Byrjað var á því að fastsetja í töflu kennslutíma, sem þegar voru ákveðnir, og viðverutíma (fskj. nr. 12 og 13.1-13.10). Haldnir voru fundir með hópnum og skipt var niður verkefnum á töflu hvers og eins. Lagt var upp með það meginsjónarmið, að viðverutími í skólanum væri mjög skýrt ákveðinn hjá hverjum og einum. Mikilvægt væri að skipta verkefnum niður strax í byrjun og fara síðan yfir stöðu mála á reglulegum samráðsfundum, sem þegar voru ákveðnir á hverjum þriðjudegi. Helstu verkefni sem lágu fyrir í byrjun voru þessi:

Aðstoðarkennsla.

Breytingar á stjórnunarvinnu.

Breyttar áherslu í félagslífi nemenda.

Eftirlit með skólasókn.

Eftirlit með fornámi.

Eftirlit með íþróttahúsi og tækjum þar.

Eftirlit með umgengni nemenda.

Ferð með nemendum til Svíþjóðar, undirbúningur og ferðin sjálf.

Forfallakennsla.

Kynning á nýju netkerfi.

Töflubreytingar.

Töflugerð.

Tölvuaðstoð.

Umsjón með vinnuherbergjum.

Umsjón með stofum.

Umsjón með fjölföldunarvélum.

Umsjón með verknámi.

Umsjón með tækjum í stofum.

Umsjón með Lyngási 13.

Viðtalstímar fyrir nemendur.

Fyrstu vikurnar kom í ljós, að næg voru verkefnin. Viðverutíminn í skólanum var skýrt afmarkaður, sem fyrr greinir. Sú stefna var tekin að fela

mönnum ákveðin verkefni og fara síðan yfir þau á vikulegum fundum. Fljótlega kom í ljós, að forfallakennsla varð mikil, en reyndist mönnum ekki eins erfið viðfangs og menn héldu. Í sumum tilvikum gátu menn farið í tíma og kennt á fullum dampi. Þetta var þá efni, sem menn þekktu vel. En oftast var það þó, að menn hleyptu inn í tíma, tóku manntal og settu nemendum fyrir verkefni. Kennarar, sem tilkynntu veikindi, fundu fljótt að kallað var eftir upplýsingum um, hvað hægt væri að gera í þeim tímum, sem viðkomandi kennari átti að kenna.

Mesti vandinn við forfallakennsluna var að skipta tímunum eins jafnt og hægt var á kennara á skólasamningi.

Eitt af fyrstu verkefnum í almennri skipulagningu vegna tilkomu skólasamnings var að taka til endurskoðunar verksvið stjórnenda skólans. Málið var rætt á nokkrum fundum stjórnenda skólans og afgreitt í lok nóvember. Þar með voru festar niður skýrar starfslýsingar (fskj. nr. 14) allra þeirra, sem gegna stjórnunarstörfum innan skólans. Starfslýsingar þessar þarf að endurskoða að loknu skólaári. Reynslan bendir sjálfsagt á ýmsa agnúa.

Verkefnum, sem getið er hér á undan, var fyrstu vikurnar skipt niður á kennara á skólasamningi. Erfiðast við skiptinguna var að gera sér góða grein fyrir umfangi hvers verkefnis og þá um leið hvegginn vinnu. Þetta skipti verulegu máli í ljósi þess, að kennslufjöldi kennara var misjafn. Í mörgum tilvikum tókst þetta vel en í öðrum miður. Helst komu gallarnir fram, þar sem kennarar voru með of marga tíma í töflu. Einn kennari var með langflesta kennslutíma í töflu, alls 36 kst. Álagið á þeim kennara var gífurlegt og ef til vill var það einhvers virði að prófa þetta, því að niðurstaðan var ótvíræð: **Kennari með fleiri en 30 kennslustundir á viku getur varla verið á skólasamningi af þessu tagi.** Nauðsynlegt er að taka mið af þessu í töflugerð fyrir næstu önn

Vinna á skólasamningi var kynnt reglulega innan skólans. Í fundargerð kennarafundar 2. september '91 stendur m.a. svo: "Skólasamningur. Þorsteinn sagði að fleiri en 10 hefðu sótt um að komast á skólasamning. Þorsteinn vildi einnig koma því að hjá kennurum að þeir hugleiddu þau mál sem mikið hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og í Menntamálaráðuneytinu

s.s. námskröfur, skólagjöld ofl. Skólakerfið allt er á krossgötum, allt skólastarf er í endurskoðun og kennarar þurfa að hugsa um og ræða hvort markmiðum sé náð.”

Í fundargerð kennarafunda 25. september '91 stendur m.a.: “3. Skólasamningurinn. Þorsteinn Þorsteinsson. Þessa önn eru tíu aðilar á skólasamningi í tilraunaskyni. Þorsteinn sagði að vinnudagurinn hefði ekki mikið breyst hjá þeim sem voru í stjórnunarstörfum. Mikilvægt væri að tveir til fjórir bættust við um áramót. Skólasamninguinn væri leið til að bæta viðveru og laun í heild. Aukagreiðslur eru greiddar 11 mánuði ársins. Skólasamningsmenn hafa hist vikulega og skýrt frá því sem þeir hafa gert að kennslunni frátalinni. Þeir eru skyldugir að taka 4-6 tíma í forfallakennslu á önn. Þorsteinn sagði að stjórn HÍK hefði áhyggjur af því að kennarar yrðu ofnotaðir í forfallakennslu. Í Menntamálaráðuneytinu væri áhugi á því að vita hvort hagræðing ætti sér stað. Þorsteinn tók fram að skýrsla yrði samin í lok mánaðarins og yrði hún til skoðunar. Ragnhildur Pálsdóttir kvaðst hafa orðið undrandi á því hve margir kennarar í stjórnunarstörfum væru á skólasamningi. Þorsetinn svaraði því til að í framtíðinni færu allir kennarar á skólasamning. Hann tók einnig fram að helmingur kennaraliðs skólans væru í stjórnunarstörfum. Már Vilhjálmsson taldi að val kennara, sem komust á skólasamning, væri gott. Þar væru fulltrúar stærstu greinanna. Brynja Baldursdóttir spurði Þorstein að því hvort þeir sem ynnu hálfan daginn kæmust einhvern tímann á skólasamning. Hann kvað svo vera og unnið yrði að fjölgun þeirra semtækju þátt í þessari tilraun sem skólasamningurinn væri. Þórarinn Þórarinsson varpaði þeirri spurningu fram hvort verið gæti að skólasamningurinn hægði á almennri launabaráttu. Honum fannst einnig að 45 yfirvinnustundir á mánuði væru of lítil launahækkun.”

Í fundargerð kennarafundar 20. nóvember '91 stendur m.a.: “2. Þorsteinn Þorsteinsson minnti menn á að sækja um aðild að skólasamningi á vorönn. Umsóknarfrestur er til 5. des. Taldi hann að hægt væri að fjölga mönnum um 3 eða 4. sagði skólameistari að talsverðar umræður væru um skólasamninginn í þjóðfélaginu, t.d. í ráðuneytinu, öðrum skólum o.s.frv. Bjarki Bjarnason spurði hverjir væru á skólasamningi og hvort viðfangsefnin væru

almenn eða sérstök fyri hvern og einn. Er verið að greiða mönnum fyrir undirbúningsvinnu og verkefnavinnu í skólanum en ekki þeim sem heima eru? Þorsteinn Þorsteinsson sagði að enginn færi á skólasamning nema hann sækti um það. Sagði hann að um tilraun væri að ræða sem væri í mótun og vinnan yrði skipulögð miðað við reynslu. Ræddi Þorsteinn mál þetta fram og aftur. Ragnhildur Pálsdóttir spurði hvort ekki væri um aukna vinnu að ræða of fyrir það væri greitt. Marta Ólafsdóttir og Stefán Árnason ræddu málið einnig.”

Vinna skólasamninganna gekk vel á haustönninni. Fundir voru haldnir vikulega og báru menn saman bækur sínar. Í desembermánuði var vinnan skipulögð að nýju. Ákveðinn tími var ætlaður fyrir vinnu við próf, frágang á vali nemenda, töflugerð, prófstjórn, lagfæringu á húsnæði, fréttablað, athugun á skólasókn o.fl. séstakir verkstjórar voru skipaðir við hvern verkþátt og vinnu skilað í mánuðinum í takt við það, sem almennt gerist á öðrum vinnustöðum í Þjóðfélaginu (fskj. Nr. 15).

Á vorönn 1992 sóttu fimm kennarar til viðbótar um aðild að skólasamningi. Erfið staða í fjármálum olli því, að einungis reyndist unnt að bæta tveimur kennurum við. Þáttakendur í tilrauninni voru því tólf á önninni. Vinna hófst 2. janúar með því að skipuleggja vel vinnu manna fyrri hluta annarinnar. Sérstökum verkefnum var úthlutað til manna. Þau helstu voru töflugerð, lagfæring á stokkatöflu, athugun á námsframboði, innkaup ýmiss konar, útgáfa fréttablaðs, lagfæring á töflun nemenda, skipulagsvinna og lagfæring í kennslustofum, skólasóknarreglur til skoðunar og endurbætur á skráningu veikinda og fjarvista o.fl. Að þessum helstu verkefnum frátöldum var sérstaklega skipulögð fagleg vinna í einstökum deildum. Þar má helst nefna athugun og endurbætur á námsefni í íslensku, ensku, stærðfræði, samfélagsgreinum, raungreinum, dönsku og íþróttum.

Í byrjun annarinnar var ákveðið, að kennarar á skólasamningi skiluðu á blaði yfriliti yfir daglega viðveru í skólanum (fskj. Nr. 16.1-16.12). Á þessum viðverutíma skyldu rúmast kennslustundir, afsláttarstundir vegna ýmissa stjórnunarstarfa o.fl. og eðlilegur tími vegna skólasamnings. Í fyrstu kom upp ágreiningur um útreikninga á vinnu- og viðverutíma. Már Vilhjálmsson ritaði bréf til kennara á skólasamningi dags. 15.1.'92 (fskj. nr. 17) og lýsti skoðunum

sínum á útreikningi vegna viðveru. Þrír kennarar á skólasamningi voru skipaðir í nefnd til þess að reina út eðlilegan viðverutíma í skólanum. Nefndarmenn skiluðu álitum fljótt og vel og féllust allir aðilar á tillögur þeirra (fskj. nr. 18). Í kjölfarið gerðu menn sérstakar vinnu- og viðverutöflur í samráði við skólameistara skv. áætlun, sem allir voru sammála um (fskj. nr 19)

Á vorönn gekk starfið að flestu leyti svipað og á haustönn. Þó höfðu kennarar heldur rýmri tíma til faglegrar vinnu en áður. Þá skal þess og getið, að auglýstir voru sérstakir viðtalstímar kennara á skólasamningi (fskj. nr. 20) og nemendur hvattir til að leita eftir aðstoð við námið á auglýstum tímum. Nokkrir notfærðu sér þetta, en þeir voru færri en búist var við. Skýringin er ef til vill sú, að nemendur eru óvanir slíku fyrirkomulagi og tekur lengri tíma að venja menn við þessa handleiðslu (“tutorisma”), sem við þekkjum vel í Bandaríkjunum og víða í Evrópu.

Hin faglega vinna snerist öðru fremur um endursoðun á náms- og kennsluefni í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, sögu, samfélagsgreinum og nokkrum raungreinum. Þessi mál verða tekin til sérstakrar athugunar við gerð nýs námsvísis fyrir skólann á næsta skólaári. Hugmyndir eru einnig komnar fram um breytingar á brautalýsingum, í átt til einföldunar.

Vinna skólasamningsmanna í maí og júní var skipulögð með þeim hætti, að menn hefðu ákveðinn viðverutíma í skólanum og sæju þá m.a. um samningu prófa, yfirsetu, yfirferð og prófstjórn, sem var skipt á milli manna. Þessi vinna var skipulögð á tímabilinu 4. - 18.maí, en eftir þann tíma tóku menn að sér að fara yfri umsóknir nemenda og kennara og enn fremur var rætt um leiðir til að leysa ýmis vandamál, sem fylgja því, að skólinn er í tveimur húsum. Þá fór drjúgur tími í að veita nýnemum aðstoð við innritun. Starfi skólasamningsfólks lauk svo formlega föstudaginn 12. júní.

Fjármál

Þær tillögur, sem lagðar voru fram í byrjun skólaárs, um fjárveitingu frá Menntamálaráðuneytinu til þessarar tilraunar gerðu ráð fyrir framlagi að fjárhæð kr. 4.000.000. Þessi fjárhæð var þannig reiknuð:

Kr. 6.200.000	Greiðslur til kennara vegna skólasamnings.
Kr. 1.005.000	Áætlaður sparnaður vegna yfirvinnu.
Kr. 128.000	Áætlaður sparnaður vegna forfallakennslu.
Kr. 800.000	Áætlaður sparnaður vegna, félagsstarfa, stofuumsjónar, töflugerðar o.fl.
Kr. 267.000	Áætlaður sparnaður vegna tækjaumsjónar, ýmiss konar prófavinnu o.fl.

Samtals Kr. 4.000.000 , sem lagt var til, að skólinn fengi í styrk frá ráðuneytinu vegna þessarar tilraunar.

Menntamálaráðuneytið samþykkti að veita 2x kr. 750.000 í þessu skyni, þannig að eftir stóðu kr. 2.500.000. Sú ákvörðun var tekin, að reyna eftir fremsta megni að ná fram auknum sparnaði í launagreiðslum og freista þess að ná endum saman. Í þessu skyni var ákveðið, að kennarar á skólasamningi yrðu aðens 10 í fyrstu lotu og síðan yrði af fremsta megni að draga úr greiðslum vegna yfirvinnu.

Kostnaður vegna þeirra tíma, sem menn fengu aukalega vegna skólasamnings var á tímabilinu september 1991 – júní 1992 með launatengdum gjöldum kr. 5.764.806. Sú fjárhæð var nokkuð nálægt því, sem ætlað var. Erfitt er að sjá nákvæmlega hver sparnaðurinn var á þessu tímabili, en við lauslega athugun virðist hann u.þ.b. kr. 2.800.000, sem er nokkuð nálægt því, sem ætlað var. Þetta þýðir, þegar frá er dregið framlag ráðuneytis, að skólasamningu hafi kostað u.þ.b. kr. 1.4. millj. umfram áætlun.

Orlofsgreiðslur eru ekki reiknaðar í dæmi þessu. Með þeim má ætla, að

heildarkostnaður hafi verið kr. 6.397.781 og kostnaður umfram áætlun u.þ.b. kr. 1.5 millj.

Rétt er að benda á þá staðreynd, þegar fjallað er um fjármál, að skólasamningu felur í sér verulega aukna þjónustu og nokkrar kjarabætur.

Viðtökur og viðbrögð.

Ekki verður hjá því komist að fjalla nokkuð um þær viðtökur, sem hugmyndin að skólasamningi hefur fengið og þau viðbrögð, sem fram hafa komið. Að sjálfsögðu hafa margir beðið þess að fá einhverja úttekt á málinu að lokinni tilraun. Því er hins vegar ekki að leyna, að hugmyndin fellur ekki í góðan jarðveg meðal margra, sem starfa að skólamálum.

Fyrstu viðbrögð við þessari hugmynd komu að sjálfsögðu frá starfsmönnum Menntamálaráðuneytisins og Fjármálaráðuneytis. Óhætt er að fullyrða, að í báðum ráðuneytunum hafi menn talið það breyta ýmsum þáttum, er varða starfshætti í skólum og í tengslum við það að finna skynsamlega leið til þess að bæta kjör starfsmanna skólanna. Það var raunar mikill velvilji í báðum ráðuneytunum, sem hleypti krafti í þá, sem vildu gera þessa tilraun.

Þegar ljóst var, að skólinn fengi leyfi til þess að reyna skólasamning í eitt ár, var málið fljótlega kynnt fyrir ýmsum þeim aðilum, sem málið varðar. Fyrir í skýrslu þessari er greint frá fundi með skólameisturum áfangaskólanna, mörgum kennarafundum í FG og málþingi á vegum HÍK. Auk þessa fóru kennarar á skólasamningi á fundi í nokkrum skólum og kynntu framgang málsins. Í öllum tilvikum voru viðtökur góðar og umræður málefnalegar. Ekki er ástæða til þess að greina í smáatriðum frá viðbrögðum manna, en þó rétt að greina frá helstu kostum og göllum, sem menn telja sig sjá við hugmyndina og framkvæmd hennar.

Helstu rök á móti skólasamningi.

Skólameistari ræður kennara á skólasamning og það er undir duttlungum hans komið, hversu há viðbótarlaunin verða.

Flestir kennarar skila mikilli vinnu utan skólatíma, t.d. undirbúningsvinnu fyrir kennslustundir. Vinna þessi fer að miklu leyti fram á heimilum þeirra. Skólasamningsmenn geta að einhverju leyti unnið þessa vinnu í skólunum og fengið þar með greitt fyrir hana. Hér er á ferðinni mikil mismunun.

Stéttarfélag kennara hafa um árabil háð harða baráttu í kjara- og réttindamálum sinna félaga. Skólasamningur rófur þá miklu samstöðu, sem kennarar hafa sýnt í erfiðri kjarabaráttu undanfarin ár. Samningsaðstaða stéttarfélaganna verður verri, ef menn fara skólasamningsleiðina.

Stór hluti kennara, einkum konur, hefur valið sér kennarastarfið, þar sem núverandi fyrirkomulag gerir þeim kleift að skila hluta vinnunnar heima. Um leið geta þessir kennarar að einhverju leyti sinnt börnum og búi. Skólasamningur lokar þessari leið.

Breyttur vinnu- og viðverutími kallar á miklar kjarabætu, líklega meiri en unnt verðu að skapa með skólasamningi. Náist samningar um þessi atriði á viðunandi kjörum, er hætt við að aftur sæki í sama horfið, laun standi í stað eða lækki og þar með hefðu menn eftirgefið mikilvæg réttindi, sem menn hafa nú.

Aukinn viðverutími í skólum hentar ekki kennurum, sem hafa áratugum saman unnið samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Skólasamningsleiðin gæti skapað vanlíðan meðal margra góðra starfsmanna, verði þeir neyddir til að taka upp nýtt kerfi.

Tvenns konar kerfi, skólasamningur og núverandi kefi, geta ekki gengið hlið við hlið. Mjög ólík kjör á sama vinnustað spilla góðum starfsanda.

Skólasamningsleiðin gerir skólameistara það kleift að mismuna kennurum í launum. Slíkt stórspillir starfsanda á vinnustað.

Skólasamningur byggir á viðbótargreiðslum. Þar með er hætta á, að grunnlaun verði ævinlega lág og um leið greiðslur úr lífeyrissjóði.

Helstu rök með skólasamningi.

Skólasamningur gerir mönnum kleift að semja um fagleg sjónarmið og kjör starfsmanna í samhengi. Samningurinn opnar leið til að breyta skólastarfinu og efla þróun skólamála. Allar áætlanir í þessu skyni hafa lent í sjálfheldu vegna ágreinings um launagreiðslur.

Skólasamningur gerir kennurum kleift að kenna færri stundir og sinna þess í stað ýmsum mikilvægum málum, er snerta gott skólastarf.

Skólasamningur opnar leið út úr þeim hræðilegu ógöngum, sem kjarabarátta kennara er komin í. Engum óhlutdrægum aðila hefur tekist að benda á leið til þess að verða við þeirri skýlausu kröfu kennara, að samningurinn frá maí 1989 verði viðurkenndur. Það versta í málinu er, að ekkert útlit er fyrir að samningurinn verði viðurkenndur í bráð. Verkföll leysa tæpast þessi mál. Þess vegna verður að reyna nýja samningsleið.

Kennarar á skólasamningi vinna öðru vísi en áður. Þeir hafa götótta stundatöflur og geta notað eyðurnar til þess að sinna ýmsum mikilvægum störfum í skólanum í meira næði en áður.

Kennari sem kennir 26 kst. á viku og hefur að jafnaði tímana í töflu dreifða frá kl. 8 – 15, er líklegri til þess að skila betra starfi í skólanum en sá, sem kennir 30 kst. á viku og er laus alla daga kl. 13. Stjórnendur, kennarar og nemendur eiga betri aðgang að þeim, sem vinna á skólasamningi.

Skólasamningur leysir þann vanda, sem skólarnir búa við vegna ákvæðist í gr. 2.1.5.1, þar sem kveðið er á um það, að starfstími kennara í skólum skuli vera 34 vikur. Þetta þýðir í reynd, að kennarar geta gengið út úr skólum 22. maí og þurfa ekki að koma aftur í skólana fyrr en 1. september.

Þetta eru helstu atriði, sem menn hafa nefnt í umræðum um skólasamning. Umræður þessar fóru fyrst af stað á fundum í FG og þar heyrðust þessi rök með og á móti. Á svipaðan hátt voru umræður annars staðar. Þrír kennarar skólans tóku að sér að kynna hugmyndina um skólasamning og mismunandi viðhorf til hans. Þessir kennarar voru Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari, Már Vilhjálmsson, fyrrv. Trúnaðarmaður HÍK og Bjarki Bjarnason, deildarstjóri í íslensku. Már og Þorsteinn voru báðir á skólasamningi, en Bjarki ekki. Bjarki hafði miklar efasemdir um ágæti skólasamnings og og lét þær óhikað koma fram á fundum innan og utan skóla. Lítið bréf, sem Bjarki skrifaði skólameistara 21.11. 1991, skýrir vel sjónarmið hans. Bréfið er svohljóðandi:

“Rökfærsla um skólasamning – skrifað eftir kennarafund 20.11. '91.

- a) Skólasamningur er fólgin í aukinni viðveru í skólanum þar sem kennarar taka að sér ýmis aukastörf. Þetta geta t.d. verið skrifstofustörf, hönnun á kennsluhúsnæði og forfallakennsla.
Þetta þýðir meiri vinna = hærra kaup, en ekki hærri kjör.
- b) Skólasamningurinn getur líka verið fólgin í aukinni viðveru þar sem vinnan felst fyrst og fremst í ýmsum störfum sem kennarar hafa hingað til unnið án þess að fá sérstaklega greitt fyrir það. Slík störf eru til dæmis undirbúningur fyrir kennsl, yfirferð á verkefnum og samning á kennsluefni.
Þetta þýðir betri kjör fyrir skólasamningskennara. Þeir fá sérstaklega greitt fyrir ýmislegt, sem tengist kennslunni. Hinir kennararnir, sem komast ekki á samning eða vilja ekki fara á hann, halda áfram að vinna þessi sömu störf án þess að fá aukalega greitt fyrir það.

Bjarki Bjarkason. “

Hugmyndin að skólasamningi var kynnt og rædd á ýmsum stöðum og við ýmis tækifæri. Helstu staðir og tilefni voru:

Margir kennara- og vinnufundir í FG.

Nefndar- og vinnufundir í Menntamála- og Fjármálaráðuneyti.

Fundur skólameistara áfangaskólanna 11.2. '91.

Skólamálaráðstefna HÍK 4.5. '91.

Aðalfundur Skólameistarafélags Íslands 10-11. 6. '91.

Kennarafundur í Fjölbrotarskóla Suðurnesja 17.10. '91.

Fundur skólanefndar lönskólans í Hafnarfirði 27.1.'92.

Opinn menntamálafundur með ráðherra í Garðabæ 2.4. '92.

Kennarafundur í lönskólanum í Hafnarfirði 9.4. '92.

Aðalfundur Skólameistarafélags Íslands 10.-11.6. '92.

Í þessum kafla skal þess að lokum getið, að Tíminn greindi frá tilraun með skólasamning í FG á forsiðu 14. nóvember 1991. Sama dag komu fram í útvarpsþættinum Á dagskrá á Rás 2 Svanhildur Kaaber, formaður KÍ og Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari FG. Þorsteinn gerði grein fyrir tilrauninni í stuttu máli og hugmyndafræðinni, sem lögð var til grundvallar. Svanhildur taldi sig ekki hafa nægar forsendur til að fjalla um tilraunina, en kvaðst hafa áhyggjur af því, að með þessu væri verið að breyta þeirri grunnhugsun, að stéttarfélög semdu um kaup og kjör frir sína félagsmenn. Hún taldi það óheppilegt fyrirkomulag, að það væri undir duttlungum yfirmanna komið, hversu há laun starfsmennirnir fengju. Enn fremur lagði hún áherslu á, að stéttarfélög ein gætu samið um ýmis félagsleg réttindi, einkasamningar á vinnustöðum væru óæskilegir. Þorsteinn taldi, að kjarabarátta undanfarin ár hefði litlu skilað og því væri skólasamningur ný leið til þess að komast út úr ógöngum. Bæði voru sammála um, að það væri þjóðarskömm, hver laun kennara væru lág.

Markmið

Hugmyndin að skólasamningi er hvorki byggð á mörgum né flóknum markmiðum. Skólasamningur er hugsaður sem ný leið til þess að auka framfarir í skólamálum til lengri tíma. Þessi nýja leið er enn fremur tilraun til þess að komast út úr því öngstræti, sem kjarabarátta kennara er komin í.

Breyttur vinnutími og aukin viðvera kennara í skólum ætti að auka svigrúm á hverjum stað til markvissrar þróunarvinnu. Verkefnin eru ærin og þau eru mjög mismunandi eftir tegundum skóla, stærð, staðháttum o.fl. Raunhæfar framfarir í skólamálum eru betru tryggðar á hverjum stað með aukinni viðveru starfsmanna í skólunum að mati þeirra, sem hafa trú á þessari tilraun.

Það er einnig markmið að skapa þau skilyrði, að starfsmenn hafi í skólunum góða vinnuaðstöðu. Í sumarlandinu sjá hugsjónamenn fyrir sér vinnuherbergi, skrifborð fyrir hvern kennara, síma, tölvu og jafnvel einkaskrifstofu. Þetta kemur ekki eins og hendi sé veifað, en aukinn viðverutími á vinnustað þrýstir mjög á framkvæmdir. Reyndar sjást þess nú víða merki, að menn eru farnir að hugsa málin á þessum nótum. Vinnuaðstaða kennara í skólum hefur víða verið stórbætt.

Þá skal þess að lokum getið hér, að aukin þjónusta við nemendur verður ekki raunhæf í framkvæmd, fyrr en aðstaða verður sköpuð fyrir kennara til að hitta nemendur á vinnustað, helst í ró og næði. Stór hluti nemenda, a.m.k. á síðustu árum framhaldsskólans, vinnur að viðamiklum verkefnum og ritgerðum. Þessir nemendur þyrftu að eiga góðan aðgang að kennurum sínum og njóta handleiðslu þeirra á hinu faglega sviði. Þetta er enginn nýjung. Fyrirkomulag af þessu tagi sést víða í erlendum skólum. Þar efast enginn um gildi þessarar handleiðslu.

Lokaorð

Skýrsla þessi hef ég undirritaður samið með góðri aðstoð flestra þeirra kennara, sem tóku þátt í tilrauninni. Margir lásu hana yfir og gerðu athugasemdir, en í lokaorðum tek é gað mér það bessaleyfi að lýsa skoðum minni á tilrauninni og þeim hugmyndum, sem ég hef um framtíð skólasamnings.

Tilraunin skólaárið 1991-1992 tókst að mínu mati vel. Hún sýndi það, að þessi nýja leið er fær, þótt hún sé reyndar mjög erfið yfirferðar. Erfiðasti hjallinn á leiðinni var það hlutskipti mitt að velja suma kennara en hafna öðrum. Ég hefði kosið að ráða alla, sem höfðu áhuga.

Ég hafði einnig mjög þungar áhyggjur af starfsandanum í skólanum. Um tíu ára skeið höfum við myndað þéttan og samstæðan kennarahóp, sem hefur átt drjúgan þátt í að efla gott skólastarf í FG. Við höfum á stuttum tíma séð skólann vaxa frá því að vera með rétt rúmlega 100 nemendur í þá stærð, sem hann er nú með 530 nemendur. Skólasamningru skiptir óneitanlega liðinu í tvennt. Ég get ekki horft fram hjá þeim atriðum, sem Bjarki Bjarnason benti oftsinnis réttilega á, að stór hluti kennara vinna heima hjá sér mjög samviskusamlega margt af því, sem skólasamningsmenn vinna. Þetta gerir málið erfitt. Ég tel hins vegar, að slíkt fyrirkomulag verði aldrei metið réttilega til launa. Viðhorfið í þjóðfélaginu er fremur í þá átt, starfsmaður á vinnustað sé líklegri til að skila betri vinnu, en hinn, sem vinnur verkin annars staðar.

Ég tel, að tvímælalaust eigi að halda þessari tilraun áfram. Mikill kostur væri, ef fleiri skólar fengju heimild til þess að útfæra þessa hugmynd. Vel mætti hugsa sér, að tilraunin stæði yfir eitt til tvö ár í viðbót með þátttöku fleiri aðila. Fyrr hefur komið fram, að hugmyndin opnar tvær leiðir. Önnur er svigrúm til betri faglegrar vinnu og hin leiðin er aðferð til þess að bæta kjör kennara.

Það er umhugsunarefni, svo ekki sé meira sagt, að ungur kennari með BA-próf og uppeldis- og kennslufræði skuli fá rúmar 70 þús. krónur í laun fyrir fulla vinnu, þegar hann stígur sín fyrstu skref sem kennari í framhaldsskóla. Ég tel hins vegar, að það sé vonlaust að leysa mál þessa kennara og allra hinna með galopnum umræðum í kjarabaráttu. Forystusveit vinnuveitenda, ASÍ og reyndar allra verkalýðsfélaga mun aldrei sætta sig við, að ein stétt fái leiðréttingu fyrir opnum tjöldum umfram aðrar, eins og það er kallað. Þjóðarsálin leyfir ekki slík vinnubrögð.

Hugmyndin að breyttum vinnutíma kennara og nemenda í skólum er ekki ný af nálinni. Menn hafa rætt þessi mál fram og aftur árum saman, en lítið hefur orðið úr framkvæmdum. Líklegasta skýring á því er sú, að menn hafa ekki náð að flétta saman breytt fyrirkomulag og bætt kjör. Það skiptir miklu máli, að þetta tvennt haldist í hendur. Annar þátturinn má aldrei fara á undan hinum.

Glöggur og virtur skólamaður benti mér á það um daginn, að í bók Matthíasar Jónassonar, prófessors, Nýjar menntabrautir, væri ýmislegt, sem minnti á þær hugmyndir, sem reynt er að útfæra í skólasamningi. Þessi bók var notuð í mörg ár sem kennslubók í uppeldis- og kennslufræðum í Háskóla Íslands og mér eru minnisstæðir margir tímar hjá Matthíasi fyrir rúmum 25 árum, þegar hann útskýrði hugmyndir sínar í bókinni af brennandi áhuga. Hugmyndirnar standa margar hverjar í fullu gildi enn í dag, en hægt hefur gengið að koma málum í framkvæmd.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að rifja upp sögu, sem Matthías bjó til og birti í fyrrgreindri bók. Sagan var sögð til að auka skilning manna á því, að færa þyrfti heimavinnu nemenda inn í skólana. Ég tel reyndar, að sagan eigi vel við fleiri en nemndur. Sagan er þessi: “Í alræðisríki nokkru kvað húsnæðisekla vera svo gífurleg, að þrasetja verður í allar opinberar skrifstofur. Vinna embættismenn og starfsfólk þeirra 4 stundir daglega á skrifstofunni, en taka heim með sér verkefni fyrir aðrar 4 stundir. Hin föðurliga ríkisstjórn leggur þó pappír og skrifstoufvélar til þessarar heimavinnu. Upphaflega var þetta eitt hinna mikilvægustu atriða í stefnuskrá

þáverandi stjórnarandstöðu – eða neðanjarðahreyfingar – og var talið mundu leiða til geysilegs sparnaðar í opinberum rekstri og verða meginbjargráð skattþíndum atvinnuvegum. Var um þetta samin 8 ára áætlun og tilkynnt fagnandi lýðnum. Á framkvæmdinni hafa þó orðið nokkrir erfiðleikar. Heimavinna starfsfólksins hefur reynzt mjög misjafnlega af hendi leyst. ...”

“...er ýmsu barið í brestina. Sumir bera við heimilisönnum, sem ekki tjói að vanrækja, úr því að heim sé komið, aðrir yfrið þröngum húsakynnum, fullum skarkala og ærsla, en ekki afdrep til íhygli né starfs, hinir þriðju skjóta fyrir sig kveisum, hinir fjórðu fordæma gjálífi lagsbræðra og loks hinir fimmtu gleymsku. Þetta veldur hinni mestu ringulreið í þaulskipulögðu starfi skrifstofukerfisins. Oft kvað skrifstofutíminn naumlega hrökkva til að vinna upp vanrækslu og að leiðréttu villur heimastarfsins. Er ríkiskommissar sá, sem ábyrgð ber á mistökum þessum í framkvæmd sparnaðaráætlunarinnar, talinn valtur í sessi, ef ekki í enn meiri háska.”

Garðabæ, 19. júní 1992

Þorsteinn Þorsteinsson
skólameistari FG

